

Sp. 142. Tillaga til þingsályktunar

um landkaup í Ölfusi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa nú þegar fyrir ríkisins hönd eftir taldað jarðeignir í Ölfusi, ef unnt er að ná viðunandi kaupsamningum:

- a. Landeign Kaupfélags Árnesinga í Hveragerði, með jarðhitaréttindum.
- b. Land jarðarinnar Vorsabæjar vestan Varmár að landamerkjum Öxnalækjar og að brattanum neðan við Kamba, svo og land allt, með hitaréttindum, sem liggur vestan Varmár, milli núverandi landeignar Kaupfélags Árnesinga og ríkiseignarinnar Reykjakots að brekkurótum norður frá Kõmbum.
- c. Landblett Gísla Björnssonar, svo kallað Ekrubarð, báðum megin við þjóðveginn ofan við efri brúna á Varmá.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum keypti ríkið fimm jarðir í Ölfusi, austan Varmár, þrjár af þeim með jarðhita. Garðyrkjuskólinn hefur nú tvær af þessum jörðum, Reyki og Reykjahjáleigu, en skólasel menntaskólans er í Reykjakoti. Hinar tvær jarðirnar eru í ábúð sömu bænda og þegar þær voru keyptar. Á landsvæði því, sem er

á milli garðyrkjuskólans og menntaskólaselsins, eru ágæt skilyrði fyrir sjúkrahús og líknarstofnanir í mörgum deildum. Eru allar líkur til, að auk þess megi fá mikinn jarðhita til annarra almenningsnota úr því landi, sem ríkið á nú í Ölfusi.

Um sama leyti og ríkið keypti landið austan Varmár, eignaðist Mjólkurbú Ölfusinga allmikið landsvæði og hitaréttindi vestan árinna, gegnt núverandi garðyrkjuskóla. Þar var reist mjólkurbú fyrir sveitina, er starfaði í nokkur ár. Á sama tíma tók að aukast byggð á þessu landi mjólkurbúsins, og fyrr en varði var komið þar allmikið þorp. Sumpart var þetta beint landnám, og settust allmargar fjölskyldur að í Hveragerði við sjálfstæða iðju, en að nokkru leyti byggðist Hveragerði mönnum úr Reykjavík, sem gerðu sér þar sumarheimili, bæði til hressingar og heilsubótar. Á allra síðustu árum hefur aðsókn aukizt mjög að Hveragerði. Fram að þessu hefur mest verið byggt á landi mjólkurbúsins, en auk þess á landblettum, sem aðrir eiga í nánd við hverasvæðið. Allra síðustu mánuðina hefur verið rekið mjög óheilbrigt fjárbrall með sumt af eignum einstakra manna á þessum stað, smáblettir, ef til vill jarðhitalausir, seldir herra verði en heilar jarðir í sveit.

Fyrir nokkru þótti bændum austan fjalls sér hentara að sameina starf beggja mjólkurbúanna á Selfossi, en hætta mjólkurvinnslu í Hveragerði. Kaupfélag Árnesinga eignaðist þá húseignir, lönd og hitaréttindi Mjólkurbús Ölfusinga. Stjórn kaupfélagsins hefur fengið skipulagsnefnd ríkisins til að skipuleggja Hveragerði og hafa eftirlit með byggingarmálum þorpsins. Með því hefur miklu verið bjargað, því að nýbyggðin í þorpinu er skipuleg. En hver verður að bjarga sér sjálfur með hita, vatn og frárennsli. Leggja margir í að bora eftir jarðhita, hver fyrir sig. Veldur það óþarfri eyðslu og tilkostnaði. Jarðhitinn mundi notast margfalt betur, ef skipulegar hitaleiðslur lægju um þorpið. Þó verður eyðslan miklu meiri, þegar komið er út fyrir hið eiginlega jarðhitasvæði, þar sem landverðið er nú að komast upp úr öllu valdi, en vafasamt um jarðhitann. Að minnsta kosti er hann þar ekki fáanlegur nema með miklum tilkostnaði.

Ef þessi tillaga nær samþykki Alþingis, mundi ríkisstjórnin leitast við að ná heppilegum kaupsamningum við Kaupfélag Árnesinga, og er það megineignin. Auk þess við eiganda jarðarinnar Vorsabæjar um nokkuð af landi þeirrar jarðar, og enn um nokkra landbletti kringum goshverinn Grýtu og sléttlendið frá þeim hver inn að Reykjakotslandi. Gisli Björnsson, fyrrverandi eigandi Reykjaeignarinnar, tók undan við söluna litinn blett vestan Varmár, í því skyni að geta búið þar. ef hann yrði að flytjast úr sínum gamla bústað, eftir að spítali tæki til starfa á Reykjum. Nú hefur þjóðvegur verið lagður yfir þennan blett, og væri sanngjarnt, að ríkið eignaðist hann, eins og nú er komið.

Það má telja alveg öruggt, að á næstu árum vex byggðin í Hveragerði hröðum skrefum. En ef margir verða landeigendur, verður margskipt ábyrgð og forsjón. Mun nýbyggðin verða óþarflega dýr og í molum um sameiginlegar framkvæmdir. Úr þessu verður ekki bætt nema með því, að ríkið eignist allan jarðhitann á þessu hverasvæði og það land, sem sýnilega er auðvelt að nota til þéttbýlis. Með því móti er hægt að fullnota jarðhitann með skipulegum horunum, og er erfilt að spá fyrir fram, hve mikil not má hafa af þeim dulda krafti.

Frá Hveragerði og vestur að Öxnalækjarlandi er hálfgróin hraunbreiða, lítt notuð eins og nú hagar til. Á stöku stað sjást merki um jarðhita á þessu svæði, en vel má vera, að dýrt verði að ná honum. En með þeim hita, sem líkur eru til, að fá megi í Hveragerði, mundi mega byggja allt þetta hraunlendi og hafa þar garðrækt undir þaki og undir beru lofti. Hér er þess vegna um að ræða mikla atvinnumögu-leika, auk þess sem vel gæti farið svo, að jarðhitinn yrði leiddur til heimilisnota í væntanlegt landnám austar í Ölfusinu.

Mér er kunnugt um, að sumir af áhrifamönnum Reykjavíkurbæjar álita, að landkaup þau, sem hér ræðir um, geti haft verulega þýðingu fyrir höfuðstaðinn. ekki sízt eftir stríðið, þegar dregur úr bráðabirgðaatvinnu yfirstandandi tíma. Hygg ég, að kalla megi landkaup þessi mikilsvert þjóðmál, hvort heldur lítið er á hagsmuni héraðanna austan fjalls eða höfuðstaðarins.

Ef svo skyldi fara, mót von, að ekki næðist samkomulag við eigendur umræddra eigna, mundi verða að flytja á næsta þingi frumvarp um eignarnámsheimild í þessu skyni.